

# Panna-vellir

Mál nr. 2001439

Pannavöllur er lítill battafótboltavöllur þar sem maður gegn manni en stundum tveir og tveir spila saman sjá mynd.

Hann er iðulega á undirlagi sem hentar fótbolta eins og malbiki, hellum eða grasi.

Aðilar sem sett hafa upp svona velli á Íslandi telja að það sé val um hvort vellirnir séu festir á undirlagið eða hafðir lausir. Akranesbær kaus að festa þá ekki niður en gallinn er hægt að færa þá til þá kemur áhætta sem felst í að vellirnir geta skælst við það. Kosturinn við að færa þá er að hægt er að haga staðsetningu eftir veðri.



Það er á ábyrgð hvers sveitarfélags og þá yfirmanns hvers svæðis að passa upp á að tækin séu vottuð og viðurkennd samkvæmt evrópskum IST öryggisstöðlum. Hafnarfjarðarbær hefur samið við BSI á Íslandi sem er faggild skoðunarstofa sem hefur m.a. faggildingu fyrir árlegar skoðanir leiksvæða. Hinsvegar eru víða um land vellir sem íþrótt- og ungmennafélög eru með sem uppfylla ekki staðla. Til að fá völinn vottaðann af BSI svo að sveitarfélagið sé með allt tryggt og uppfylla öryggisstaðla verðum við að festa hann niður, hafa helst á grasi og ef galvaniserað stál er á vellinum verður að mála það.

Vellirnir eru nokkuð viðhaldsfríir, sérstaklega ef þeir eru festir niður. Hægt að taka þá niður á auðveldan hátt. Fátt bendir til þess að slys séu tíðari þar en í öðrum sambærilegum leiktækjum.

Kostnaður við að festa þá niður og uppfylla öryggisstaðla getur verið allt að 150.000 kr. fyrir hvern.



Akraneskaupstaður keypti fjóra “pönnuvelli” var innkaupsverð hvers um 300.000 kr. Ef mynd er skoðuð sést að búið er að merkja þá með límmiðum. Kostnaður og umfang við að merkja er óljós. Íþróttabandalag Akraness borgaði merkingar á einn völl

og knattspyrnufélagið borgaði merkingar á annan völl.

Staðsetningar er mismunandi í sveitarfélögum, eða við íþróttasvæði, almenningsleiksvæði og við skóla. Ef vellir eru við íþróttasvæði þá er meira um að vera þar í kringum mót og æfingar en börn sem ekki eru þátttakendum nýta vellina síður. Ef vellir eru við svæði eins og Víðistaðatún, Hörðuvelli og Óla run tún þá styðja tækin við aðra útivistarmöguleika í því umhverfi. Séu vellir við skóla þá verða þeir trúlega mest notaðir sbr. battavellir og notkun á leiktækjum skóla bæði á skólatíma og frítíma barnanna. Best væri að þetta væri hreinlega við alla skóla því að yngri krakkar fara lítið á milli skólahverfa að leika sér en sækja sína eigin skólalóð í frítíma sínum.

Heilsuþæring Hafnarfjörður styður skólabörnin til aukinnar hreyfingar og útiveru með öllum tiltækum ráðum og þönnuvellir er góð leið til þess. Okkar mat er að þessir vellir eigi heima sem víðast í Hafnarfirði en forsenda uppsetningar er fjárheimildir og öryggisviðmið.

Geir Bjarnson íþróttá- og tómsfundafulltrúi

Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri

Sunna Magnúsdóttir rekstrarstjóri